

## FÓSTUREYÐING.

Konur geta eignig fengið fóstureyningu eftir lögum frá 1938, en þá eingöngu miðað við heilbrigðisástand barnsins (fóstursins) í praksis þýðir þetta að ef hætta er á að barnið fæðist ekki heilbrigt, þ.e.þ a.s. ef um alvarlega arfgenga sjúkdóma er að ræða eða ef konan fær rauða hunda á meðgöngutímanum, þá er möguleiki á að fá framkvæmda fóstureyðingu.

Í slíkum tilfellum sækir konan sjálf um fóstureyðinguna með aðstoð læknis. Umsóknin er send til landlæknis, og þriggja manna nefnd sem ákveður hvort aðgerð skuli leyfd.

Samkvæmt þessum sömu lögum getur kona fengið fóstureyðingu ef henni hefur verið nauðgað.

Um hvernig eigi að sækja um fóstureyðingu erlendis.

Það er fyrst og fremst Parkview Clinic, sem við höfum haft samband við vegna fóstureyðinga í Bretlandi, en sú klínik er ein af sex sem tilheyrir " London Nursing Homes Limited"

Parkview Clinic er í London, heimilisf.  
87 Mattook Lane,  
Ealing W5,  
London. Síminn (01) 567 0102 "pregnancy termination"

Pangadmá hringja og biðja um aðgerð ("abortion" eða bara "kexx "termination") á ákveðnum degi. Best er að vera búinn að kynna sér fyrirfram hvenær eru flugferðir til London og helst panta fat. Þá þarf allt saman ekki að taka nema þrjá daga. Manneskjan flýgur út fyrsta daginn, snýr sér á flugvöllinum til bílaleigufyrirtækisins Hertz Rent a-Car, segir hvert hún þarf að fara og er þækið á staðinn. Hún er látin gista í leigu herbíki í sömu götu fyrstu nóttina, morguninn eftir er aðgerðin, síðan liggur hún á klínikinni einn sólahring og getur fengið að fara heim næsta morgun, er þá skilað á flugvöllinn. En hún getur líka verið degi lengur td. og þá fengið áfram leigt sama herbíkið og áður.

Aðgerðin með öllu, þæpx p.e. bílferðum og gistingu, hefur kostað fyrir íslenskar konur 130 pund séu þær stúdentar eða á þeim aldri, að hægt sé að láta sem sov sé, en 150 pund annars. Hinsvegar segir í auglýsingabæklingi frá þessum London Nursing Homes, að hún kosti 80 pund ef hún er gerð á fyrstu þrem mánuðunum, þannig að ef konur þekkja samilega til í London, geta kannski gist þar hjá kunningjum og klára sig í ensku, gæti verið betra (ódyrara) fyrir þær að fara út og panta þaðan.

Tvær aðrar stofnanir í þessum hring hafa leyfi til fóstureyðinga, en við höfum aldrei prófað þær. Þó væri áreiðanlega athugandi að hringja eða skrifa pangad og spyrjast fyrir. Þær eru:

The London Private Nursing Home,  
35 Langham Street, London W 1, sími 01-637 8271  
og  
New Cross Nursing Home,  
415 New Cross Road, London SE 14, sími 01-692 7877

Annar staður sem við höfum hringt og sent til með góðri reynslu var samkvæmt tilvísun starfand kvennsjúkdómalæknis í London:

Avenue Clinic St. Lotus  
157 Harley Street  
Hér vantar bæði London númerið (trúlega Kensington) og símanúmerið. En til að ná til þeirra hringir maður beint í lækninn heima, sem er :

Miss C Grieg  
22 Hamilton House,  
Vicarage Gate, London W 8, sími: 01-937-5098

Þetta er álíka þjónusta, nema maður þarf sjálfur að koma sér í rútunni frá flugvöllinum á Air-terminalinn, þaðan tekur maður leigubíl (borgar hvorttveggja sjálfur) á ákveðið hótél, sem

Grieg vísar á ( Milestone Hotel í Kensington, nálægt terminalnum og klinikkinni). Adgerð, lega og hótélkostnaður er samanlagt 125 pund

Þetta er leið sem gjarnan má mæla með, því bæði er að þetta er ódýrara en hitt, og svo hitt að konan sem fór þangað bar því mjög vel söguna. Síðast en ekki síst var þessi Miss Grieg ákaflega þægileg að tala við í síma.